



Nefndasvið Alþingi  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

Djúpavogi 29. mars 2019

**Umsögn vegna frumvarps til laga um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða nr. 116/2006  
(strandveiðar), 724. mál á 149. löggjafarþingi 2018-2019**

Sveitarstjórn Djúpavogshrepps tekur undir og styður umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga sem unnin er í samráði við Samtök sjávarútvegssveitarfélaga varðandi frumvarp til laga um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 (strandveiðar), 724. mál á 149. löggjafarþingi 2018-2019.

Virðingarfyllst,

  
Gauti Jóhannesson, sveitarstjóri



## Djúpavogshreppur

Heimilisfang  
Bakki 1  
765 Djúpivogur

Sími  
470 8700

Bréðsími  
478 8188

Netfang  
djupivogur@djupivogur.is

Veðsíða  
djupivogur.is

Kennitala  
570992-2799

## Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða (strandveiðar), mál nr. 724, þingskjal 1152.

Undirritaður styður ákvæði d.-liðar 1. gr. frumvarpsins um að hverju skipi skuli heimilt að stunda strandveiðar í 12 daga innan hvers mánaðar, maí, júní, júlí og ágúst. Með því er verið að festa í sessi fyrirkomulag veiðanna frá 2018 sem í meginatriðum gafst vel.

Á félagsfundi í Drangey, smábátafélagi Skagafjarðar sem haldinn var 17. mars sl. var eftirfarandi tillaga samþykkt samhljóða: „*Drangey, smábátafélag Skagafjarðar skorar á stjórnvöld að tryggja að strandveiðar verði leyfðar á öllum veiðisvæðum 12 daga í mánuði frá maí til ágúst 2019.*“ Þessi samþykkt gerir ráð fyrir að öll „gömlu“ sóknarákvæðin haldist óbreytt, þ.e. fjöldi vikudaga, fjöldi rúlla um borð, róðartími hvers róðurs og aflamark í róðri, allt í samræmi við eldri ákvæði laganna.

Ákvæðið í lagafrumvarpinu um að Fiskistofa skuli stöðva strandveiðar þegar sýnt er að heildaraflari fari umfram tiltekið leyfilegt heildarmagn allra veiðisvæða er hins vegar óheppilegt og raunar mótsagnarkennt. Það er vel þekkt staðreynd að aflabrogð á handfæri við Suður- og Vesturland eru að jafnaði mun betri fyrri hluta tímabilsins (jafnvel frá í apríl) meðan síðari hluti sumars (einnig september) gefur best við Norður- og Austurland. Þá er vakin athygli á að á aðalfundi Landssambands smábátaeiganda sl. haust var samþykkt ályktun um leyfa ætti veiðar í 12 daga í mánuði yfir fjóra mánuði á sex mánaða tímabili.

Meginstjórnun strandveiðanna er sóknarmark (12 dagar/mán., 4 rúllur, 4 dagar í viku, 14 klst. róðratími). Til að minnka togstreitu milli þeirra sem starfa í aflamarkskerfunum og strandveiðiútgerða telur undirritaður að hafa eigi strandveiðiaflann utan heildaraflamarks kvótakerfisins, skv. 20% aflareglu. Þannig útfært strandveiðikerfi myndi örugglega stuðla að meiri sátt meðal útgerðaflokka, einstakra útgerða, strandveiðisvæða og jafnvel meðal þjóðarinnar allrar með stjórn fiskveiða.

Loks leggur undirritaður til að inn í lagafrumvarpið verði bætt ákvæði sem gerir útgerðum kleyft að segja sig frá strandveiðum og fara inn í almenn veiðikerfi smábáta þótt strandveiðitímabilinu sé ekki lokið.

Skagafirði 28. mars 2019

Virðingarfyllst

Magnús Jónsson formaður Drangeyjar, smábátafélags Skagafjarðar

**Sendandi: Fontur félag smábátæiganda á norðausturlandi – Vopnafjörður til Húsavíkur**

Varðar umsögn um:

724. mál, lagafrumvarp

149. löggjafarþing 2018-2019

Þingskjal 1152 frumvarp flutt af atvinnumálanefnd.

Smábátafélagið Fontur styður ekki frumvarpið og vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

Svæðið okkar C hefur beðið hnekki á þeim breytingum sem voru gerðar til prufu og á nú að festa með lögum. Með því að hafa kerfið í einum potti en samt svæðaskipt kemur okkar svæði mjög illa. Maí mánuður er ekki góður til handfæraveiða þar sem fiskur er genginn yfir og mjög treg veiði, smár fiskur sem skilar mjög lágu verði og er ekki hagkvæmt að sækja.

Með því fyrirkomulagi þegar hvert svæði hafði sinn pott fluttust nær allar aflaheimildir fyrir maí mánuð yfir á hina mánuðina: júní, júlí og ágúst á C-svæði. Með því fyrirkomulagi sem nú á að festa í lög með hliðsjón á þeirri tilraun sem gerð var á síðasta ári, rekur okkur af stað í maí svo að menn nái sem flestum dögum að veiða verðlítinn fisk sem skilar lítilli eða engri afkomu og finnst okkur það sóun á aflamarki að þurfa að veiða þann afla í maí sem við áður gátum flutt yfir á hina mánuðina og gert meiri verðmæti úr þeim afla sem næst á svæði C.

Við viljum að það komi fram að þessir fjórir mánuðir henta ekki öllum svæðum með þessu fyrirkomulagi en gat gert það áður þegar pottur var fyrir hvert svæði.

Einnig viljum við koma því á framfæri að það er ekki rétt sem sumir þingmenn atvinnumálanefndar segja í pontu að allir séu ánægðir með þessa breytingu. Við lögðum það fram í fyrra að aukning sem fékkst inn í strandveiðarnar færu allar á A-svæði og að fyrri lög um svæðaskiptingu og aflamark inn á hver svæði yrðu óbreytt.

Að okkar mati mun þetta frumvarp skaða ímynd strandveiða og verða til þess að útgerðir munu færast frá þeim svæðum sem óhagkvæmara er að gera út þessa mánuði og einnig þar sem fjarlægðir frá mörkuðum er hvað lengst.

Einnig hörmum við það að loforð sem gefið var um að gera skýrslu um heildarmat á þeim breytingum sem gerðar voru í fyrra skuli vera svikið.

F.h. smábátafélagsins Fonts

Einar E Sigurðsson, formaður

**Umsögn er varðar þingskjal 1152, 724. mál , nr. 116/2006  
(strandveiðar)**

Úr frumvarpi:

*"Við gerð þessa frumvarps hefur verið leitast við að nýta þá reynslu sem skapaðist við tímabundna breytingu á ákvæði laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, sem fjallar um strandveiðar og gerð var á vorþingi 2018, sbr. lög nr. 19/2018. Sú tímabundna breyting fól í sér að hver bátur gat stundað strandveiðar í 12 daga í hverjum mánuði svo lengi sem ráðstöfuðum heildarafla var ekki náð samkvæmt reglugerð sem ráðherra setti um strandveiðar fyrir árið 2018."*

Úttekt á tilraun frumvarpsins sem Alþingi samþykkti í fyrra var lofað að ætti að fara strax af stað síðasta haust eftir að veiðum lyki svo meta mætti árangurinn á því hvernig að sumarið gekk.

Mér þykir einkennilegt að festa eigi lög í sessi, án þess að skoða niðurstöðu sumarsins 2018.

*"Með þessu frumvarpi er áformað að taka mið af þeirri reynslu og lögfesta ákvæði með svipuðu efni varanlega með það að markmiði að bæta umhverfi strandveiða og auka öryggi sjómanna á strandveiðum."*

Öryggi eykst ekkert við þessar breytingar. Ólympíski þátturinn er enn til staðar, núna er hann bara yfir allt landið í stað þess að vera svæðisskiptur. Ástæðan er sú að Fiskistofu er heimilt að stöðva veiðar sé ákveðnum potti náð.

Áhugavert er að heyra þingmenn nefna það að almennt hafi verið sátt og allir verið kátir með liðið strandveiðisumar (2018). Mér leikur forvitni á að vita hvernig menn ganga út frá þeirri ályktun að allir hafi verið ánægðir með fyrirkomulagið. Mín reynsla af strandveiðisumrinuárið 2018 er slæm. Svipaðar sögur hef ég heyrt af austurlandi, menn eru alls ekki sáttir með það fyrirkomulag sem var á árið 2018. Þetta eitt veldur því að menn hætta í greininni því miður.


Hægt er að velta því fyrir sér hvers vegna strandveiðisjómönnum séu lofaðir 48 dagar, en í raun er bara verið að lofa um það bil helmingi þessa daga m.v. aflaúthlutun í kerfið vegna þess að Fiskistofu er heimilt að stöðva veiðar verði sérstöku hámarki afla náð. Með þessu frumvarpi virðist sem svo að blekkja eigi sjómenn og aðra með því að lofa 48 dögum, en segja svo síðar að Fiskstofa geti stöðvað veiðar þegar að heildarafla er náð.

Þegar þetta er skoðað nánar með tilliti til afla sem hefur verið landað í gegnum strandveiðikerfið síðustu ár, gefur það auga leið að dagarnir verða að öllum líkindum ekki fleiri en um það bil helmingur lofaðra daga. Ástæðan fyrir því er að dögum fjölgar á aflamesta svæði landsins og mun meiri afli kemur þar að landi.

Ef taflan að neðan er skoðuð sést það að meðaltalsafli á svæði A er langtum hærri en á svæði D.

| Strandveiðar 2016 |        | Meðalafli í róðri |        |        |
|-------------------|--------|-------------------|--------|--------|
| Svæði:            | A      | B                 | C      | D      |
|                   | 702 kg | 575 kg            | 587 kg | 538 kg |


Fjöldi daga í strandveiðum 2010 - 2018.



Á þessu línurtiti sést skerðing á svæðum B, C og D en aukningu á svæði A.

Óstöðugleiki t.d á svæði D hefur valdið miklum sveiflum á rekstri strandveiðibáta á því svæði.

Af hverju á að skerða 3 svæði landsins í stað þess að efla til dæmis einungis svæði A, eða efla þau öll? Það hefði verið skárri kostur sumarið 2018.



Þetta súlurit sýnir að mun meiri afli kemur að landi árið 2018 á svæði A, þrátt fyrir slæmt veðurfar og fækkun báta, en minnkar á hinum svæðum landsins að D svæði undanskildu sem stendur nánast í stað og er það ufsinn sem kemur þar inn. Bátunum á svæði A fækkar um 6%.

Einnig er rétt að nefna hér að meðaltalsveiði á hvern bát er eins og eftirfarandi tafla sýnir.

| Meðalafli per bát | 2016          | 2017          | 2018          | Meðaltal Síðustu 3 ár |
|-------------------|---------------|---------------|---------------|-----------------------|
| A                 | 13.040        | 14.976        | <b>18.659</b> | <b>15.559</b>         |
| B                 | 14.142        | 16.401        | <b>17.716</b> | <b>16.086</b>         |
| C                 | 15.103        | 18.765        | <b>16.394</b> | <b>16.754</b>         |
| D                 | <b>10.544</b> | <b>14.361</b> | <b>13.272</b> | <b>12.726</b>         |

*Tölur af vef Fiskistofu*

Við viljum að allir gangi að sama borði, en þessar tölur sýna vel að svo er ekki í núverandi kerfi. Með frumvarpi þessu telja menn að sé verið að gera kerfið jafnara, en svo er ekki ef að við tökum mið af töflu sem er hér að ofan.

Ástæður fyrir því að "potturinn" náðist ekki árið 2018 eru nokkrar:

- Afspyrnu slæmt veðurfar á nær öllu landinu sem hamlaði sjósókn strandveiðibáta allt í kringum landið.
- Fiskverð var mjög lágt, það kostar sitt að standsetja bát fyrir hverja vertíð og þegar fiskverð er svo lágt, ásamt fáum úthlutuðum dögum borgaði það sig ekki fyrir ákveðna aðila að hefja vertíðina.
- Bátum fækkar töluvert, ein ástæða fyrir fækkun báta mætti rekja til skerðingu á öllum svæðum landsins nema svæði A.

### **Ólympískar veiðar.**

Ólympíski þátturinn er enn til staðar vegna þess að Fiskistofa hefur heimild til þess að stöðva veiðar hvenær sem er.

Þar sem að augljóst er að heildarafla sem áætlaður er til strandveiða verður líklega uppurinn um mitt sumar. Ef til vill verður veðurfar mjög gott á landinu öllu og vel gengur að koma með afla að landi. Hvað þá?

Hvatinn eykst vegna þess að menn keppast við að ná að róa áður en að allt lokast síðla sumars í júlí og ágúst.

Ef að þetta frumvarp fer óbreytt í gegn þýðir það eitt að í stað þess að keppa við aðra báta innan síns svæðis um aflann, er keppnin orðin yfir allt landið.

Hægt væri að leysa þetta með því að útlhuta ákveðnum dagafjölda á bát á ári, án heimildar Fiskistofu til þess að stöðva veiðar.

### **Ufsi sem VS-aflí**

Það að útgerð fái einungis hluta af aflaverðmæti ufsa er ekki nógu gott.

Auka álag á hafnarstarfsmenn, starfsmenn fiskmarkaða, og svo eykst bókhaldskostnaður töluvert. Sömu gjöld eru enn til staðar; kranagjöld, ísgjöld, vigutnargjöld, aflagjöld, auðlindagjöld og fleira.

Því miður þá virkar það ekki að strandveiðiútgerðir fái bara hluta af aflaverðmæti ufsans. Hugmyndin er góð að leyfa ufsaveiðar sem aukategund á strandveiðum, en þetta virkar því miður ekki nema að aflaverðmæti ufsans renni óskipt til útgerðarinnar.




### Gjald vegna strandveiða

Það að þeir sem stunda strandveiðar þurfi að greiða sérstakt gjald vegna þeirra, er frekar einkennilegt vegna þess að takmarkanir kerfisins eru svo ótal margar ef miðað er við aflamarks- og krókaafلامarkskerfið og með þessu frumvarpi er verið að takmarka strandveiðar enn meira. Til dæmis; Hámarks dagafjöldi í mánuði, hámarksheildarafli í kerfið, hámarksafli á dag, hámarkstími, bann um helgar, bann á rauðum dögum og svo framvegis. Það vantar bara bann við kaffibrúsa um borð.

### Ástæða fyrir fækkun báta.

Hvers vegna hefur bátum fækkað svo mikið í greininni er spurning sem að við þurfum að finna svar við. Eitt svar er að kerfið er ekki nógu gott fyrir nýliða og þeir hellast úr lestinni, oft vegna mikilla skulda en takmarkaðrar innkomu og sumarið 2018 var engin töfralausn við fækkun báta. Kerfið verður að vera fýsilegt, það verður að vera hægt að lifa af því líka, annars fækkar bátunum áfram ár frá ári. Nýliðar ná ekki endum saman og hætta, svo einfalt er það.



Við þurfum að vera samstíga í að bæta strandveiðikerfið okkar, ekki hygla einu svæði fyrir annað, við verðum einnig að átta okkur á því að mið eru mismunandi eftir árstímum og landsvæðum. Fáir menn til dæmis úthlutaða daga yfir allt árið gæti það haft jákvæð áhrif eins og:

- Eykur jafnvægi innan kerfisins
- Minnkar toppa og lægðir í upphafi og lok sumars á fiskmörkuðum
- Álag á starfsmenn hafna og fiskmarkaða dreifist meira yfir árið (minna um skyndilegan dauðan tíma hjá starfsmönnum)
- Líf er í höfnum landins lengur en bara í 4 mánuði á ári
- Aukið öryggi því að menn yrðu ekki lengur í ólympískum veiðum
- Minnkar álag á Vaktstöð siglinga
- Hægt að sækja þegar að fiskurinn er á heimamiðum.

## Tillögur að bættu kerfi.

- 60 dagar á bát á ári, óháð landssvæði, mánuðum, eða dögum.
- Dögunum úthlutað þann 1. september á ári hverju
- Aflahámark á dag mætti vera 1.000 kg af óslægðum þorski.
- Menn verða að fá að ákveða það sjálfir hvort að það borgi sig að róa um helgar eða á öðrum rauðum dögum.
- Heimila strandveiðibátum að leigja til sín ufsakvóta samhliða ákveðnum dagsskammti af þorski.
- Heimila strandveiðibátum að sækja 650 þorskígildi á dag, og leigja til sín þorskkvóta ef að aflinn fer umfram það. Með þessu gæti opnast leið inn í kvótakerfið.
- Afnema sérstakt gjald vegna strandveiða.

Kerfið verður að vera raunhæfur kostur fyrir nýliða, en eins og það var í fyrra (2018) er ekki glóra fyrir nokkrum nýliða að byrja í greininni, því miður.

Til þess að ná árangri í þessari atvinnugrein á flestum stöðum á landinu þarf yfirleitt hraðgengan bát (til þess að komast á góð mið innan þess tímaramma sem er gefinn). Viðhald og viðgerðir þyrftu að vera í lágmarki, hver dagur í viðhald og viðgerðir, er tapaður dagur á sjó. Það er að segja engin innkoma.

Almennilegur bátur sem hægt væri að ná árangri á, kostar mjög mikið. Fyrir unga menn er það mjög erfitt hefja útgerð í þessum útgerðarflokki því miður, það vantar hvata í kerfið.

Kvótakerfið er gott og það er það fiskveiðistjórnunarkerfi sem að virkar.

Við þurfum samt sem áður að einbeita okkur að því hvernig við viljum að nýliðar komist inn í greinina (kvótakerfið) í stað þess að gagnrýna kvótakerfið endalaust og finna leiðir í sameiningu til þess að opna fyrir nýliða inn í kvótakerfið.

Ein leið sem gæti verið möguleg inn í kvótakerfið úr strandveiðikerfinu er sú að heimila strandveiðibátum að leigja til sín ufsa samhliða strandveiðum. Mikið brennur inni af ufsakvóta ár hvert og því væri upplagt að nýta hann svona.

Það er hægt að útbúa almennilegt kerfi sem að hentar þessum flokki smábáta, það þarf hinsvegar töluverða vinnu og samstarf við þá sem í greininni starfa, ekki bara af einu landsvæði, heldur af landinu öllu. Ef kerfi er hannað eftir einu landsvæði þá hentar það alls ekki því næsta.

Hægt væri að búa til hvata í sambærilegu kerfi og hefur verið undanfarin ár með því að úthluta kvóta eftir ákveðin árafjöldi í kerfinu. Þá gætu menn hugsanlega komist upp úr kerfinu og nýliðun í sjávarútvegi við Ísland gæti átt sér stað. Það gæti einnig spornað við fækkun báta í greininni, því að þá er hvati til þess að halda áfram.

Þess ber einnig að geta að flestir handfærabátar eru þeir einu við Ísland sem nota eingöngu rafmagn á meðan á veiðum stendur, rafmagnið er hlaðið með landrafmagni við bryggju og einnig hleður aðalvél bátanna á útleið. Svo þegar á miðin er komið drepa menn á aðalvél bátsins og nota einungis rafmagn á meðan á veiðum stendur.

Hef ég stundað þessar veiðar í 6 ár og hélt ég að þetta væri mín leið til þess að byggja upp mitt fyrirtæki hægt og rólega. Sú er ekki raunin, raunin er sú að það kemst enginn upp úr strandveiðikerfinu í núverandi mynd, því miður sé ég fram á að hætta í greininni nema að úrbætur eigi sér stað á næstu árum. Því miður.

*Með vinsemd, von og virðingu*

*Hólmar H. Unnsteinsson 28 ára smábátasjómaður.*

## Umsögn Smábátafélagsins Hrolllaugs er varðar

### Pingskjal 1152 - 724. mál

### 116/2006 (strandveiðar)

Það er okkur í Smábátafélaginu Hrolllaugi algerlega óskiljanlegt að nú liggi fyrir frumvarp þetta frá atvinnumálanefnd alþingis nánast óbreytt frá því í fyrra sem nú á að reyna að fá samþykkt sem lög til framtíðar um strandveiðikerfið.

Umsagnir lágu margar fyrir vegna frumvarpsins í fyrra þar sem engin sátt var um frumvarpið á landsvísu og hjá okkur er alger vissa að sama verði upp á teningnum í umsögnum varðandi þetta nýja gamla frumvarp.

Ekkert tillit var tekið til umsagna í fyrra svo það er okkur óskiljanlegt að frumvarp sem engin sátt er um innan greinarinnar sé þvingað í gegnum löggjafarvaldið í ósátt við flesta þá sem frumvarpið varðar.

Það er mikið í húfi fyrir byggðir þessa lands og þá sem í greininni starfa að þetta kerfi verði eftir í sátt við þjóðina á þann hátt að alger sátt náist um það hjá þeim sem í greininni starfa og hjá þeim byggðarlögum sem á strandveiðikerfið stóla.

All flestar umsagnir þeirra aðila sem skrifuðu umsagnir í fyrra voru flestar með sama rauða þræðinum um hvað það væri sem þyrfti að gera til þess að sátt væri um strandveiðikerfið allt í kringum landið. En þrátt fyrir það var ekki farið eftir umsögnunum og frumvarpinu breytt og það sniðið að þörfum byggðarlaga og strandveiðimanna allt í kringum landið.

Við í smábátafélaginu Hrolllaugi fögnum frumvarpinu alls ekki þar sem það er margt í því sem er hreinlega þessari fiskveiðipjóð til háborinnar skammar og þá sérstaklega það að öllum bátum sé ekki tryggðir 48 dagar án heimildar Fiskistofu eða Sjávarútvegráðherra á því að stöðva veiðar fyrr en síðasti bátur hefur lokið sínum 48 veiðidögum.

Þar er einmitt rauði þráðurinn í all flestum umsögnum varðandi strandveiðifrumvarpið í fyrra og það er okkur alger vissa að verður rauði þráðurinn í umsögnunum varðandi þetta frumvarp líka í ár.

Það er nefninlega algerlega óskiljanlegt af hverju ekki ver tekið tillit til umsagna í fyrra og við viljum ekki trúa því að það verði aftur raunin með þetta frumvarp.

Með þessum umsögnum öllum sem koma eruð þið komin með það í hendurnar sem þið ættuð að byggja breytingar á þessu frumvarpi á til þess að lög in verði sett í sátt við byggðir og þjóðfélagið í heild en ekki einstakra svæða. Ef þingið vill ekki samþykkja það þá er það á ábyrgð þingsins alls og þeirra sem myndu hafna góðu frumvarpi sem þið

mynduð sníða í sátt við umsagnaraðila og þá í sátt við þjóðina sem þið eruð einmitt í umboði fyrir og þið hefðuð gert ykkar besta.

Úttekt á tilraun strandveiðifrumvarpsins sem Alþingi samþykkti í fyrra vor var lofað að ætti að fara strax af stað síðasta haust eftir að strandveiðum lyki svo meta mætti árangurinn á útkomu tilraunarverkefnisins sem þetta nýja frumvarp er byggt á. Margir þingmenn sem sögðust styðja þetta frumvarp sögðust styðja það þar sem þetta var einungis tilraun.

Þessi úttekt átti að upplýsa þjóðina um hvort að sátt hefði skapast um kerfið meðal þjóðarinnar á landsvísi eða ekki. Nákvæm skýrsla átti að liggja fyrir til grundvallar fyrir strandveiðifrumvarpi 2019.


Ekki hefur verið útbúin fagleg skýrsla né hefur engin fagleg úttekt átt sér stað.

Þrátt fyrir það að engin rök liggi fyrir um niðurstöðu tilraunarinnar sem að strandveiðisumarið 2018 var, leggur atvinnuveganefnd nú fyrir að festa fyrirkomulagið í sessi til frambúðar í óþökk við þjóðfélagið. Það er svolítið einkennilegt og ber vott um léleg vinnubrögð á Alþingi að nýta reynslu og úttekt sem ekki var gerð og ekki er til um hvort sátt hafi verið um veiðarnar í fyrra og framgang strandveiðikefisins í fyrra til að reyna að festa kerfið í sessi.

Við bendum á að réttast sé að fara yfir stöðu sumarsins 2018 og vinna þá faglegu vinnu almennilega áður en að svona kerfi verði fest í sessi með lögum til frambúðar. Það skortir öll rök því úttektin sem færa átti löggjafarvaldinu rökin um hvort þetta hafi verið gott eða slæmt fyrir þjóðina allt í kringum landið eru ekki til.

Við leggjum því til að einungis verði samþykkt bráðarbyrgðarlög um frumvarpið sem falla úr gildi eftir að síðasti bátur hefur lokið sínum 48 dögum sumarið 2019 með þeim breytingum sem umsagnaraðilar leggja til 2019. Óbreytt frumvarp er ekki það sem Íslenskt fiskveiðiþjóðfélag á skilið né sækist eftir.

48 dagar á hvern bát án heimildar Fiskistofu eða Sjávarútvegráðherra til að stöðva veiðarnar fyrr en síðasti bátur hafi lokið sínum dögum mun taka alla spennuna úr kerfinu og tryggja öryggi



Þetta súlurit sýnir landaðan afla í gegnum strandveiðikerfið síðustu 3 ár. Hér er rétt að veita athygli á því að afli á A svæði hefur aukist töluvert, en hann minnkar á hinum svæðunum, að D svæðiundanskildu sem að stendur nánast í stað en inni í flatölum er ufsi sem D svæði hefur sótt í vegna lélegrar þorskveiði á því svæði almennt og þá sérstaklega á vestursvæði D svæðis. Þess vegna hækkar svæðið milli ára, vegna ufsa.

Við höfum áhyggjur af því að viðri vel í sumar í kringum landið sem gerði ekki sumarið 2018, verði potturinn uppurinn áður en að sumri líkur með tilheyrandi afleiðingum fyrir þjóðfélagið, en verði það svo fá strandveiðibátarekki að róa þá 48 daga sem greinin telur sig að lágmarki þurfa til þess að kerfið gangi upp.

|        | Strandveiðar 2016 |        | Meðalafli í róðri |        |
|--------|-------------------|--------|-------------------|--------|
| Svæði: | A                 | B      | C                 | D      |
|        | 702 kg            | 575 kg | 587 kg            | 538 kg |

Þessi tafla gefur einnig góða mynd af því hvað við erum að meina.

| Meðalafli per bít |               |               |                      |
|-------------------|---------------|---------------|----------------------|
|                   | 2016          | 2017          | 2018                 |
| <b>A-Svæði</b>    | <b>13.040</b> | <b>14.976</b> | <b><u>18.659</u></b> |
| <b>B-Svæði</b>    | <b>14.142</b> | <b>16.401</b> | <b>17.716</b>        |
| <b>C-Svæði</b>    | <b>15.103</b> | <b>18.765</b> | <b>16.394</b>        |
| <b>D-Svæði</b>    | <b>10.544</b> | <b>14.361</b> | <b><u>13.272</u></b> |

*Tölur frá vef Fiskistofu*

Við viljum að strandveiðikerfið verði jafn gott fyrir alla strandveiðimenn allt í kringum landið sama hvar þeir búa. Við viljum að allir gangi að sama borði, en svo er ekki með núverandi kerfi. Til dæmis er 29 % munur á milli D og A svæðis í afla árið 2018. Það er að segja 29% hærri meðaltals afli í róðri á svæði A.

Ástæður fyrir því að "potturinn" náðist ekki árið 2018 eru nokkrar:

- Afspyrnu slæmt veðurfar á nær öllu landinu sem hamlaði sjósókn strandveiðibáta.
- Fiskverð var mjög lágt, það kostar sitt að standsetja bít fyrir hverja vertíð og þegar fiskverð er svo lágt, ásamt fáum úthlutuðum dögum borgaði það sig ekki fyrir ákveðna aðila að hefja vertíðina.
- Bátum fækkar töluvert, ein ástæða fyrir fækkun báta mætti rekja til skerðingu á öllum svæðum landsins nema svæði A. Einnig mætti rekja fækkun báta til þess að kerfið virkar ekki sem skildi.

## Ólympískar veiðar.

Ólympíski þátturinn er enn til staðar vegna þess að Fiskistofa eða Sjávarútvegsráðherra hefur heimild til þess að stöðva veiðar hvenær sem er.

Svo gæti farið að heildarafla sem áætlaður er til strandveiða verði uppurinn um mitt sumar. Ef til vill verður veðurfar mjög gott á landinu öllu og vel gengur að koma með afla að landi. Hvað þá?

Hvatinn eykst vegna þess að menn keppast við að ná að róa áður en að allt lokast síðla sumars í júlí og ágúst sem eru bestu strandveiðmánuðir á sumum svæðum í kringum landið.

Ef að þetta frumvarp fer óbreytt í gegn þýðir það eitt að í stað þess að keppa við aðra báta innan síns svæðis um aflann eins og var í gamla kerfinu, er keppnin orðin yfir allt landið sem er verra ef eitthvað er, því eitt svæði gæti farið veðurfarslega vel út úr sumri á meðan önnur færu á sama tíma illa veðurfarslega og á meðan það gengi yfir myndi ganga á heildarpottinn.

Hvati færi að myndast til að fara á sjó í öllum veðrum til þess að ná einhverju á báta sína því þessir bátar reka sig ekki sjálfir og launin ekki greidd nema til sé fyrir þeim.

Hægt væri að leysa þetta með því að útlhuta ákveðnum dagafjölda á bát á ári, án heimildar Fiskistofu til þess að stöðva veiðar. Og miðað við umsagnir og þarfir strandveiðibáta þá eru það að lágmarki 48 dagar á bát án heimildar til stöðvunar veiða fyrr en þeim e lokið svo sátt náist um strandveiðikerfið hjá þjóðinni allri.

## 48 dagar

Það þarf að gefa strandveiðimönnum eðlilegt svigrúm við að nýta daga sína, takmarka ekki 12 daga innan hvers mánaðar, heldur að veita til dæmis 48 daga yfir allt tímabilið.

Með þessu móti gerir það mönnum auðveldara fyrir að ná að nýta sína daga skynsamlega í góðum veðrum og þegar fiskur er á þeirra heimamiðum.

Þannig yrði engin hættu á að allir bátar myndu vera róandi á sömu miðum heldur myndu allir geta unað sáttir við að róa frá sínum heimahöfnum þegar fiskur er á þeirra miðum.

Þarna kæmi kerfið algerlega til móts við byggðarsjónarmið og þarfir byggða allt í kringum landið við að fá strandveiðibáta í land með fisk í heimahöfn.

Það er ekkert eðlilegt kerfi sem knýr báta til að sækja á fiskimið sem engin fiskur er á, það er engin sanngirni í slíku kerfi heldur verður svigrúmið að vera til staðar.

Þetta myndi auka öryggi sjófarenda og verðmætasköpun í heimabyggð gríðarlega.

Jafnvel væri hægt að útfæra þetta á annan hátt, að útlhuta 60 dögum á ári, óháð tímabili.



### **Veiðitímabil**

Eins og margir þekkja þá er mismunandi veiði og fiskgengd eftir árstíma og stöðum í kringum landið. Til þess að jafna kerfið ætti að lengja strandveiðitímabilið um tvo mánuði. Einn mánuð í hvorn enda. Upphaf veiða ættu að byrja 1. apríl og ljúka 1. október. Þannig væru tækifæri strandveiðibáta og byggða jöfnuð allt í kringum landið og menn gætu enn frekar nýtt daga sína til veiða frá sínum heimahöfnum. Þannig færu menn ekki á flakk og væru sáttir þar sem þeir eru.

Það er einfaldlega þannig að sum svæði eru nánast fisklaus megnið af þessum 4 mánuðum sem í boði hafa verið sem strandveiðitímabil, hvers eiga þau svæði að gjalda, það er ekki sanngjarnt fyrir þá aðila sem á slíkum svæðum búa að vera njörfaðir þar niður í ólympískum veiðum með landamærum (Svæðaskiptingu)

### **Svæðaskipting**

Svæðaskiptingu á með öllu að fella út. Svæðaskiptingin býr til miskiptingu á gæðum kerfisins. Öll búum við í sama landi og eigum fiskimiðin saman. Allir verða að ganga að því sama í kerfinu og þar á líka við á hvaða svæði þeir landa eða hvar þeir veiða. Með þeim breytingum á frumvarpinu sem við leggjum til hér í þessari umsögn mun hvatinn alltaf liggja í að nýta sína daga frá sinni heimahöfn, spennan væri farin úr kerfinu með 48 tryggðum dögum og 6 mánaða strandveiðitímabili svo dagar væru nýttir á heimamiðum þegar fiskurinn er að ganga þar um.

### **Gjald vegna strandveiða**

Það að þeir sem stunda strandveiðar þurfi að greiða sérstakt gjald vegna þeirra, er frekar einkennilegt vegna þess að takmarkanir kerfisins eru svo ótal margar ef miðað er við aflamarks- og krókaafلامarkskerfið og með þessu frumvarpi er verið að takmarka strandveiðar enn meira. Til dæmis; Hámarks dagafjöldi í mánuði, hámarksheildarafl í kerfið, hámarksafl á dag, hámarkstími, bann um helgar, bann á rauðum dögum og svo framvegis.

### Ufsi sem VS-afli

Það er ekkert nema sanngjarnt í þessu þjóðfélagi að strandveiðibátar fái að veiða eins mikinn ufsa á sínum litlu bátum í sinni 14 klst veiðiferð og þeir geta. Það brenna þúsundir tonna inni af óveiddum ufsa í fiskveiðikerfinu á hverju ári. Þetta er sóun á verðmæta og atvinnutækifærum þjóðarinnar og á meðan eru sum byggðarlög að blæða út.

Til þess að þetta virki með ufsa sem meðafla í strandveiðikerfinu verður aflaverðmæti hans að renna óskipt til útgerðarinnar.

Þegar búið er að landa ufsa til VS-sjóðs situr lítið eftir nema vinnan, kranagjöld, ísgjöld, vigutnargjöld, aflagjöld, auðlindagjöld og fleira. Strandveiðibátar greiða veiðigjöld eins og aðrar útgerðir og þær þurfa allt aflaverðmætið til þess að geta rekið sína báta og skapað sér atvinnu af veiðunum.


Þetta er því ekkert nema kostnaður á útgerðina og fyrir nýliða er það mjög slæmt.

Þó svo að þetta hafi verið stórt skref til þess að bæta strandveiðikerfið, þá er enn aðeins í land. Ufsa þyrfti að gefa frjálstan í strandveiðikerfinu svo að þessi liður virki almennilega.

### Nýliðun

Erfitt er að sjá að með frumvarpi þessu að auðveldara verði fyrir nýliða að hefja útgerð. Erfitt hefur verið fyrir nýliða að hefja sókn í strandveiðikerfinu til þessa og þetta frumvarp og breyting á kerfinu auðveldar það ekki, í raun er breytingin í garð nýliða engin.

Menn sem eru í kerfinu nú þegar, eru afar svartsýnir á þetta frumvarp og ýmsir hafa nefnt það að hætta útgerð, sem hefur verið raunin. Líklega er kerfið ekki nógu gott, en það verður það vonandi.



Ástæðurnar eru til dæmis nokkrar;

Auðlindagjöld, aflagjöld, kranagjöld, hafnargjöld, vatnsgjöld, vigtunargjöld, ísgjöld, skoðunargjöld, rafmagnsgjöld, sérstakt gjald strandveiða, sorpgjöld, markaðsgjöld, lágt fiskverð, óvissa um komandi ár, rekstrarkostnaður, aflaheimildir lágur í kerfinu og fleira.

Ísland er í grunninn fiskveiðipjóð og þarfir byggða og þjóðfélagsþegna í kringum landið er að geta gert út smábáta með mannsæmandi hætti, tækifærið var lengi vel horfið fyrir þjóðina til þess að virkja grunngerð samfélagsins og gera út á Íslandsmiðum.

Með strandveiðikerfinu sem komið var á fót 2009 var breyting þar á og vísir lagður í að veita þjóðfélaginu aðgengi að fiskveiðikerfinu sem það á svo sannarlega sjálft. Það var jákvætt skref fyrir þjóðina en kerfið verður að vera sómasamlega úr garði gjört og vandað skal til verka við uppbyggingu strandveiða sem atvinnuvegar.

Í kerfinu núna eru takmarkanir miklar, í raun svo miklar að halda mætti að reynt sé að gera þeim sem í kerfið sækja eins erfitt fyrir í að ná þeim 650 þorskílgilda skammti sem í boði er hvern dag sem róa má. 4 rúllur á bát, 14 klst veiðiferð, landamæragirðingar með svæðaskiptingum, fyrir utan nátturlega áhrifavalda eins og veður og fiskgegn.

Ætla mætti að strandveiðikerfi hjá alvöru fiskveiðipjóðum sem í einhverju virða rétt þegna sinna að slíkt kerfi væri hannað með það í huga að þeim gengi sem allra best við að ná sínum þó ekki svo of mikla skammti. Við sem búum þetta land eigum að geta veið stolt af þessu kerfi en ekki öfugt þegar við berum okkur saman við önnur lönd.

Það er einlæg ósk okkar í Smábátafélaginu Hrolllaugi að þið í atvinnumálanefnd leggið fram frumvarp sem eflir atvinnu allt í kringum landið með strandveiðikerfinu. Kerfið verður að vera jafn gott fyrir alla sama hvar þeir búa eða róa. Takið tillit til umsagna sem greinin leggur ykkur í hendur og þið munuð geta horft sátt um öxl við vinnu ykkar í þágu lands og þjóðar. Tíminn er nægur til þess að þessu frumvarpi verði breytt í takt við umsagnir. Ef þingið samþykkir það ekki með nauðsynlegum breytingum þá getið þið allavega verið stolt af vinnu ykkar og þið getið sýnt það í verki að þið takið mark á þörfum þjóðarinnar. En með því að leggja þetta fram óbreytt eruð þið að valda skaða í flestum landshlutum strandveiða og við viljum bara ekki trúna að það sé það sem þið viljið þjóðinni.

Lifið heil, sanngjörn og í sátt við þjóðina.

*Virðingarfyllst*

*Félagsmenn í smábátafélaginu Hrolllaugi.*

## Háttvirta Atvinnuveganefnd. Mál 724.

Líta ber á leyfi og rétt smábáta til strandveiða sem viðurkenningu á að viðhalda þessu útgerðarmynstri í samfélaginu

sem átt hefur á brattan að sækja eftir tilkomu kvótakerfisins við fiskveiðar.

Þessu má líkja við það að greiða beingreiðslur með ærgildum til að halda landinu í byggð og viðhalda greininni sem vart

lifði af annars.

Rétturinn til strandveiða gefur möguleika á að afla tekna til að standa straum af kostnaði við að halda trillu. Að öðrum

kosti hyrfu þær fljótt úr samfélaginu.

Í núverandi reglum um Strandveiðar eru of margar íþyngjandi kvaðir sem draga mjög úr afkomu og gera það að

verkum að bátum á strandveiðum hefur fækkað og mun líklega gera áfram mv. óbr.

### **Hér að neðan eru nokkrar tillögur til að hafa í huga við breytingar á strandveiðunum sem yrðu mjög til bóta:**

1. Það er ekki rökrétt að strandveiðar séu stundaðar sem samkeppnisveiðar „ólympískar“ þegar það hefur verið  
aflagt við veiðar hjá öðrum útgerðarformum.
2. Nær væri að réttur hvers báts til strandveiða gildi fiskveiðiárið 1. Sept til 31. Ágúst eins og um aðrar veiðar.  
T.d. róðrarfjöldi x 650 kg. Nýting daganna er síðan í höndum skipstjóra hvers báts eins og við aðrar veiðar.  
Með þessu dreifist afli strandveiðibátanna betur á fiskmarkaðina og mun örugglega skila hærra fiskverði.
3. Mikil áhersla er hjá strandveiði sjómönnum að geta nýtt sinn strandveiðirétt frá þeim stað sem þeir búa á.  
T.d. orðaði trillukarl frá Sandgerði það svo á aðalfundi LS. Sl. haust þannig: „ég vill bara fá að nýta minn  
Strandveiðirétt og veiða fiskinn minn að heiman frá mér þegar hann gengur þar frammhjá“. Það þekkja það engir betur en trillukarlar hvenær aflavon er best á hverjum stað og hagkvæmast að sækja fiskinn.  
Það fer líka saman að þegar vel veiðist er fiskurinn yfirleitt bestur og verðmestur.
4. Með aukinni áherslu á loftslagsmál væri rökrétt að heimila meiri afla í hverri veiðiferð gegn fækkun róðra,  
þe. afli umfram 650 kg dragist af næsta róðri. Bátar þurfa þá ekki að hætta í góðu fiskiríi og eins gæti þetta  
dregið úr brottkasti þegar verið er að stemma dagsskammtinn af til að fá ekki sekt fyrir umframafli.
5. Samkeppnisveiðar eins og þær eru nú stundaðar af kappi fremur en forsjá eru stórhættulegar og munu orsaka  
mörg óþarfa slys. Samkeppnisveiðar heyra sögunni til hjá öðrum útgerðarformum með mjög góðum árangri í  
fækkun slysa á sjó. Sérstaklega er það hættulegt að stunda samkeppnisveiðar á smábátum.
6. Það væri ekki óeðlilegt að heimilt væri að veiða ufsa við strandveiðar að því marki sem ekki nýttist að  
veiða sl. fiskveiðiár.

Ég undirritaður er reiðubúinn til frekari umræðu um þessi mál.

Kveðja / Best regards  
Jóhann A. Jónsson

**Alþingi**  
**Austurstræti 8-10**  
**150 Reykjavík**  
**B.t. atvinnuveganefndar**

## **Umsögn um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006, með síðar breytingum (strandveiðar), þingskjal nr. 1152 – 724 mál.**

### **I Inngangur**

Það okkar skoðun að það þurfi að auka verulega bolfiskveiðar á grunnslóð og sérstaklega innfjarða, til þess að auka framleiðslugetu nytjastofna landsins. Auk þess myndi aukunn aflí vænka hag sjávarbygðanna.

Nýlega birtist skýrsla frá Hafró um að rækjustofnar innfjarða hefðu gefið eftir samfara fjölgun þorsks og ýsu, en mjög hefur dregið úr sókn á grunnslóð, m.a.vegna þeirra takmarkana sem kvótakerfið setur á veiðar smábáta. Segir þar að áberandi breytingar hafi orðið í lífríkinu í sex fjörðum og flóum á Vestfjörðum og Norðurlandi á tveimur áratugum frá 1995. Rækja hafi átt í vök að verjast vegna vaxandi afráns þorsks og ýsu sem hafi endað með því að rækjustofnarnir inni á þessum fjörðum hafi hrunið. Í Ísafjarðardjúpi gat rækjuafli verið milli tvö og þrjú þúsund tonnum á vertíð fram að aldamótum, en í vetur er heimilt að veiða þar 456 tonn. Þar sem ástandið er verst hafa engar veiðar verið leyfðar frá aldamótum. Sjá má nánari umfjöllun um þessa skýrslu í Morgunblaðinu 21. febrúar 2019 undir titlinum: Afránið fór illa með rækjuna - Með fjölgun þorsks og ýsu í fjörðum og flóum fyrir vestan og norðan gáfu rækjustofnar eftir.

Forsaga málsins er sú að eð tilkomu kvótakerfis og mikils niðurskurðar þorskafli til þess að reyna að "byggja upp" stofninn hefur stórlega dregið úr sókn í innfjarðaþorsk með þeim afleiðingum að rækjan er upp étin og reyndar humarinn fyrir Suðurlandinu einnig. Þá er hann líka búinn að grisja vel seiði flatfiska og fleiri tegunda. Rækjudeildin er búin að benda á þetta í áratugi en má sín lítils gegn þorskadeild Hafró. Til að bregðast við þessu ætti að gefa fiskveiðar innfjarða frjálssar, það myndi gefa meiri fisk og meiri rækju.

Þorskurinn er langt kominn með að éta upp loðnuna, búinn með rækjuna, humarinn, lúðuna og flatfiska á grunnsævi og ungvíði sjálfs síns.

Spurt hefur verið hvort frjálssar veiðar smábáta muni ekki leiða til ofveiði er til að svara að fyrir nokkrum árum var ákveðið að minnka nýtingarhlutfall þorsks frá því að vera 35-40% af stofnstærð áratugum saman niður í 20% til þess að byggja upp stofninn. Þessi 35% nýting gaf 4-500 þús tona árlegan afla langtímum saman sem sýndi að stofninn þoldi álagið vel. Eftir að nýtingarhlutfallið var lækkað féll aflinn og jafnframt minnkaði nýliðun. Þetta stafar af því að fæðuframboð hafsins leyfði ekki svo stóran stofn og hann fór að éta undan sér.

Stofnstærð þorsks hefur náð mögulegu hámarki sínu og stofninn getur ekki stækkað meir. Meðan nýtingarhlutfallið er ekki hækkað fer þorskaflinn ekki mikið yfir 250 þús tonn, helming af því sem hann var í "ofveiðinni" áður fyrr. Að auka afraksturinn með frjálstri veiði smábáta gerir því ekkert nema gagn og veldur fráleitt ofveiði. Bónusinn er auknar tekjur af fiskimiðunum, þeim til gagns.

## II Tillögur að breytingum á frumvarpinu

- 1) Í ljósi framangreinds er lagt til að veiðar smábáta á handfæri verði gerðar frjálssar. Það eru engin fiskifræðileg rök fyrir því að veiðar smábáta hafi einhver afgerandi áhrif á stærð þorskstofnsins til hins verra.

3. apríl 2019

Jón Kristjánsson fiskifræðingur og Sigurjón Þórðarson líffræðingur



Birgitta Kristjánsdóttir, lögfræðingur, LL.m.  
Nefndarritari atvinnuveganefndar  
Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

Reykjavík, 01.04. 2019

Landhelgisgæslu Íslands barst erindi frá nefndarsviði Alþingis þann 22.03. 2019 þar sem falast var eftir umsögn stofnunarinnar um frumvarp til laga um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða (strandveiðar), 724. mál.

Landhelgisgæslan gerir ekki athugasemdir við frumvarpið en vekur athygli á því að þær breytingar sem gerðar voru á Reglugerð um strandveiðar fiskveiðiárið 2017/2018 varðandi það að hver leyfishafi fái 12 daga til sjósóknar á mánuði í stað þess að keppast við aðra leyfishafa um úthlutaðan kvóta á hverju svæði, virtist verða til þess að veiðidagar voru valdir m.t.t. þess að veðurfar og sjólag væru með ákjósanlegra móti heldur en verið hafði árin á undan.

Sú staðreynd að strandveiðibátar eru minna á sjó þegar bræla er á hafinu stuðlar beint eða óbeint að því að öryggi sjófarendanna verður meira. Að binda þessi ákvæði í lög tryggir það öryggi enn betur.

F.h. Landhelgisgæslu Íslands.



Ásgrímur L. Ásgrímsson

Framkvæmdastjóri aðgerðarsviðs



## Atvinnuveganefnd Alþingis

Lilja Rafney Magnúsdóttir formaður

29. mars 2019

Efni: Umsögn LS um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006, með síðari breytingum (strandveiðar) Þingskjal 1152 - 724. mál.

Á aðalfundi LS 2018 var eftirfarandi samþykkt um strandveiðar:

1. Hægt verði að segja sig frá strandveiðum og fá aftur almennt veiðileyfi hvenær sem er á strandveiðitímabilinu.
2. Strandveiðikerfið verði þróað áfram til að bæta afkomu útgerða strandveiðibáta. Strax á næsta ári verði tryggðir að lágmarki 12 dagar í mánuði í fjóra mánuði innan sex mánaða tímabils.
3. Landið verði eitt veiðisvæði.
4. Sérveiðigjald á strandveiðar (50.000,-) verði STRAX fellt niður.

Landssamband smábátæigenda telur frumvarpið færa strandveiðar nær kröfu smábátæigenda um aukið frelsi til handfæraveiða. Frumvarpið gerir ráð fyrir að 48 dögum til strandveiða verði jafnskipt til róðra í mánuðunum maí, júní, júlí og ágúst. Í ljósi þeirrar reynslu sem fékkst af veiðikerfinu á síðastliðnu ári lýsir LS stuðningi við frumvarpið. LS vill þó áréttta að á öllum stigum hefur LS reynt að fá fellda burt heimild stjórnvalda til að stöðva veiðar áður en strandveiðitímabilinu lýkur. Með því yrði sú krafa LS að tryggja strandveiðimönnum 48 daga, í höfn.

LS skorar á háttvirta atvinnuveganefnd að fella brott úr frumvarpinu staflíð b og lokamálsgrein 1. greinar frumvarpsins. Ákvæðin eru með öllu óþörf þar sem ufsi telur ekki lengur til viðmiðunar í heildarafla. Verði ekki fallist á breytinguna er nauðsynlegt að skerpa á þeim skilningi að ufsi, þar sem heildarafla veiðiferðar er innan við 650 þorskígildi, falli ekki undir VS-afla.

LS leggur áherslu á að ef svo ólíklega vill til að strandveiðar verði stöðvaðar, þá falli samtímis úr gildi 1. málsliður 4. mgr., 6. gr. a laga um stjórn fiskveiða nr 116/2006.

LS beinir því til nefndarinnar að bætt verði við frumvarpið ákvæði sem heimilar veiðar á

kúfiski til eigin nota. Ennfremur að auk handfærarúlla um borð verði sjóstöng leyfð.

LS þykir miður að ekki hafi tekist að framkvæma bókun atvinnuveganefndar sem fram kom í nefndaráliti 23. apríl 2018.

*„Samstaða er í nefndinni um að fylgjast vel með hvernig þessi breyting á strandveiðum sumarið 2018 takist með tilliti til aukins öryggis sjómanna. Atvinnuveganefnd mun strax í haust meta hvernig til hefur tekist með þessa mikilvægu tilraun og vinna að frekari endurbótum á strandveiðikerfinu í samráði við strandveiðimenn á svæðunum fjórum og hagsmunasamtökum þeirra fyrir sumarið 2019.“*

LS leggur áherslu á að við afgreiðslu nefndarinnar á frumvarpinu verði framangreind bókun ítrekuð.

Virðingarfyllt

  
Axel Helgason formaður

  
Örn Pálsson framkvæmdastjóri

## Nýting leyfilegra daga

|   | <u>2018</u> |      |      |       | <u>2017</u> |      |      |       |
|---|-------------|------|------|-------|-------------|------|------|-------|
|   | maí         | júní | júlí | ágúst | maí         | júní | júlí | ágúst |
| A | 68%         | 72%  | 77%  | 62%   | 57%         | 64%  | 78%  | 73%   |
| B | 55%         | 61%  | 73%  | 75%   | 43%         | 49%  | 56%  | 64%   |
| C | 51%         | 60%  | 72%  | 58%   | 45%         | 47%  | 61%  | 68%   |
| D | 50%         | 61%  | 43%  | 34%   | 44%         | 54%  | 29%  | 28%   |

|   | <u>2016</u> |      |      |       | <u>2015</u> |      |      |       |
|---|-------------|------|------|-------|-------------|------|------|-------|
|   | maí         | júní | júlí | ágúst | maí         | júní | júlí | ágúst |
| A | 66%         | 86%  | 84%  | 84%   | 73%         | 59%  | 64%  | 56%   |
| B | 49%         | 64%  | 70%  | 80%   | 52%         | 56%  | 55%  | 52%   |
| C | 49%         | 53%  | 67%  | 76%   | 43%         | 47%  | 67%  | 58%   |
| D | 62%         | 73%  | 73%  | 47%   | 34%         | 47%  | 49%  | 25%   |

|   | <u>2014</u> |      |      |       | <u>2013</u> |      |      |       |
|---|-------------|------|------|-------|-------------|------|------|-------|
|   | maí         | júní | júlí | ágúst | maí         | júní | júlí | ágúst |
| A | 85%         | 88%  | 66%  | 63%   | 66%         | 59%  | 74%  | 66%   |
| B | 58%         | 82%  | 71%  | 62%   | 45%         | 69%  | 71%  | 75%   |
| C | 48%         | 63%  | 68%  | 59%   | 37%         | 50%  | 64%  | 57%   |
| D | 58%         | 52%  | 30%  | 26%   | 49%         | 43%  | 49%  | 19%   |

## Meðaltal nýting leyfilegra daga 2013-2018

|   | maí | júní | júlí | ágúst |
|---|-----|------|------|-------|
| A | 69% | 71%  | 74%  | 67%   |
| B | 50% | 63%  | 66%  | 68%   |
| C | 45% | 53%  | 67%  | 63%   |
| D | 50% | 55%  | 46%  | 30%   |



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið  
b.t. atvinnuveganefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 1. apríl 2019

1903048SA VÓHS  
Málalykill: 00.63

### Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 (strandveiðar), 724. mál - 149. löggjafarþing

Vísað er til umsagnarbeiðni atvinnuveganefndar Alþingis, dags. 22. mars sl., þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða – strandveiðar.

Með frumvarpinu eru lagðar til ákveðnar breytingar á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, þ.e. ákvæði laganna um strandveiðar. Sú tímabundna breyting sem gerð var á lögnum á vorþingi 2018, sbr. lög nr. 19/2018<sup>1</sup>, fól í sér að hver bátur gat stundað strandveiðar í 12 daga í hverjum mánuði svo lengi sem ráðstöfuðum heildarafla var ekki náð samkvæmt reglugerð sem ráðherra setti um strandveiðar fyrir árið 2018. Meginröksemdirnar fyrir lögfestingu þessarar tímabundnu ráðstöfunar á sínum tíma var öryggi sjómanna en strandveiðarnar höfðu einkennst af kappi sjómanna við að ná þeim afla sem heimilt var að veiða á sem skemmstum tíma þar til leyfilegum heildarafla á viðkomandi svæði hafði verið náð.

Helstu efnisatriði frumvarpsins er að taka mið af þessari reynslu og lögfesta ákvæðið varanlega með það að markmiði að bæta umhverfi strandveiða og auka öryggi sjómanna á strandveiðum. Þannig er gert ráð fyrir í frumvarpinu að hverju strandveiðiskipi verði heimilt að stunda strandveiðar í 12 daga innan hvers mánaðar í fjóra mánuði á ári, mánuðina maí, júní, júlí og ágúst, samtals 48 daga.

Engar breytingar eru gerðar á svæðaskiptingu og heimilt verður að stunda veiðarnar frá öllum landsvæðum þar til veitt hefur verið það heildaraflamagn sem ráðstafað er til strandveiða samkvæmt reglugerð ráðherra. Þá gerir frumvarpið ráð fyrir því að Fiskistofa stöðvi strandveiðar þegar sýnt er að heildarafla strandveiðiskipa, að frátöldum ufsa, fari umfram það magn sem ráðstafað er til strandveiða en ekki að ráðherra geti stöðvað veiðar þegar áætluðu aflamagni er náð eins og gert var ráð fyrir samkvæmt bráðabirgðaákvæði laga nr. 19/2018.

Umsögn þessi er rituð í góðu samráði við Samtök sjávarútvegssveitarfélaga. Fulltrúar sambandsins og samtakanna voru boðaðir á fund atvinnuveganefndar Alþingis hinn 26. mars þar sem eftirfarandi ábendingum og sjónarmiðum var komið á framfæri við nefndina:

Sambandið og samtökin eru upplýst um að lagabreytingin á sínum tíma hafi ekki verið gerð í nægjanlegri sátt við strandveiðisjómenn, þá einna helst í

<sup>1</sup> Lög um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006 (strandveiðar), þingskjal 881, 148. löggjafarþing, 429. mál: <https://www.althingi.is/altext/148/s/0881.html>

byggðarlögunum á Suðausturlandi og Austfjörðum. Frumvarpið þurfi að ná því markmiði að sátt sé um það og að það sé útbúið þannig að byggðarlög smábátaútgerða og atvinna muni eflast í kringum landið.

Loforð var gefið um úttekt á fyrirkomulaginu sem átti að fara fram strax síðasta haust, en svo virðist sem það hafi ekki verið gert. Innan fiskveiðistjórnunarkerfisins hafa strandveiðar einungis verið stundaðar frá árinu 2009. Því er nauðsynlegt að uppbygging atvinnugreinarinnar sé fyrirsjáanleg og byggji á staðbundnum rannsóknum og sérfræðipækkingu.

Samkvæmt greinargerð með frumvarpinu hafa að meðaltali um 674 bátar stundað strandveiðar ár hvert, frá árinu 2010. Ef til vill þykja mörgum hagsmunir þessara aðila ekki stór í heildarhagsmunum þjóðarbúsins en það skal áréttað hér að umræddir hagsmunir geti skipt sköpum fyrir byggðarlögin.


Markmið þingsályktunartillögu um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2018-2024, sem samþykkt var með öllum greiddum atkvæðum á þingi, hefur það að markmiði að takast á við fækkun íbúa á einstökum svæðum, einhæft atvinnulíf og stuðla að sjálfbærri þróun byggða um allt land. Mikilvægt sé í því samhengi að hafa í huga að atvinnustefna einstakra sveitarfélaga, byggðarlaga, er afar mismunandi og það sem löggjafinn ákveði geti ekki hentað öllum svæðum.

#### Lokaorð

Að öllu framangreindu virtu er það álit Sambands íslenskra sveitarfélaga og Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga að það sé ótímabært að svo stöddu að lögfesta fyrirkomulag strandveiða þegar úttekt hefur ekki enn farið fram. Það er hluti af vandaðri lagasetningu að kanna áhrif frumvarpsins, samfélagsleg jafnt sem fjárhagsleg. Sambandið og samtökin styðja því ekki framgang þessa frumvarps óbreytt og telja skynsamlegra að framlengt verði í umræddu ákvæði til bráðabirgða og að úttekt á fyrirkomulaginu fari strax fram.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson  
framkvæmdastjóri



Reykjavík, 29. mars 2019

**Umsögn vegna frumvarps til laga um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 (strandveiðar), 724. mál á 149. löggjafarþingi 2018 – 2019.**

Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi hefur borist til umsagnar frumvarp atvinnuveganefndar Alþingis til breytinga á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006, þar sem mælt er fyrir um breytingar á fyrirkomulagi strandveiða. Samtökin gera eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið.

Lagabreytingar af því tagi sem hér eru til umræðu eru í eðli sínu hluti flókens samhengis og erfitt getur verið að sjá fyrir allar þær afleiðingar sem af kunna að hljóta. Því telja samtökin mikilvægt að frumvarp nefndarinnar verði skoðað gaumgæfilega í ljósi allra ábendinga.

Á síðasta ári var farið inn á ógæfulega braut í tilraunaskyni með tímabundinni breytingu á ákvæði ofangreindra laga er fjallaði um strandveiðar. Nú er ætlunin að festa þá nálgun að hluta til í sessi með frumvarpi þessu. Með samþykkt frumvarpsins yrði svæðaskipting við stjórn strandveiða afnumin og þar með sú trygging um að ákveðinn lágmarksafli komi í hlut hvers landshluta. Þarna væri um grundvallarbreytingu að ræða.

Í umsögn sinni í fyrra vöruðu samtökin við afleiðingum sem orðið gætu af breyttu fyrirkomulagi. Það kynni að leiða til þess að hlutur svæðis A (Snæfellsnes, Breiðafjörður, Vestfirðir) ykist á kostnað annarra landshluta ef áformum um takmörkun heildarafla strandveiða væri haldið til streitu. Með áformaðri breytingu fengju bátar á svæði A, aðalveiðisvæðinu þar sem afli á hvern veiðidag er mestur, tryggða veiði í 12 daga á mánuði.

Árið 2017 fengu 247 bátar strandveiðileyfi á svæði A og lönduðu þeir samtals 3.699 tonnum. Árið 2018 fengu 233 bátar strandveiðileyfi en aflinn sem þeir lönduðu nam samtals 4.348 tonnum. Það varð því 17% aflaaukning, þrátt fyrir lélegar gæftir. Til samanburðar þá fjölgaði strandveiðibátum á svæði D úr 106 í 121 en afli dróst saman. Hann fór úr 1.314 tonnum í 1.273 tonn og löndunum á hvern bát fækkaði einnig.

Samtökin vöruðu við þeim þrýstingi sem gæti myndast ef veruleg sóknaraukning báta á svæði A kæmi til, með tilheyrandi aflaaukningu. Til þeirra afleiðinga kom þó ekki þar sem aflabrogð voru slök í strandveiðum síðasta árs, ekki síst vegna veðurs. Vandinn er þó óbreyttur, horft til framtíðar. Vandinn sem skapast er meðal annars fólgin í því að strandveiðimenn fá aðgang að fiskinum á ólíkum tímum eftir svæðum, fyrst við Vestfirði í maímánuði en síðar á öðrum svæðum

og skýrist þetta af mynstri í göngum fisks á miðin. Ef gæftir verða betri, sem hefur gerst, getur komið upp sú staða að stór hluti heildaraflans veiðist upp á svæði A, enda veiðist best þar fyrstu tvo mánuði strandveiðitímabilsins. Fyrirkomulagið gæti þannig leitt til þess að fiskveiðitækifæri flytjist til Vestfjarða á kostnað annarra svæða.

Þegar það gerist má ætla að óánægja komi fram í samfélögum í öðrum landshlutum, sem þá kalla á aðgerðir til úrbóta. Slíkar kröfur gætu komið upp á miðju strandveiðitímabili. Viðbrögð við því gætu boðið upp á lausatök við stjórn fiskveiða.

Um ufsa og þorsk gildir nýtingastefna og aflaregla, sem settar eru samkvæmt alþjóðlegum viðmiðum. Þær eru afar mikilvægar, bæði út frá sjónarmiðum fiskveiðistjórnunar með sjálfbæra nýtingu að leiðarljósi og vegna samskipta við erlenda kaupendur sjávarafurða og vottunaraðila á því sviði. Allar stjórnunarráðstafanir sem eru til þess fallnar að auka líkur á afla umfram ákvörðun eða valda óvissu fela því í sér afturför.

Samtökin vara eindregið við þessari hættu í tengslum við þá braut sem haldið væri á með samþykkt frumvarpsins. Hættan á umframafla, sem erfitt yrði að leiðrétta þegar fram líða stundir, er veruleg.

Það er mat samtakanna að alvarlegir annmarkar séu á þeirri ráðstöfun við stjórn fiskveiða sem frumvarpið gerir ráð fyrir og leggast þau því gegn samþykkt þess.


Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi



---

Kristján Þórarinnsson



---

Hrefna Karlsdóttir

Atvinnuveganefnd Alþingis

Lilja Rafney Magnúsdóttir formaður

Dagsetning 04.04. 2019

Efni:

Umsögn Snæfells, félags smábátæigenda á Snæfellsnesi um frumvarp til laga um breytingu á [lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006](#), með síðari breytingum (strandveiðar). Þingskjal 1152 – 724. mál, löggjafarþing 2018-2019

Stjórn Snæfells telur þær breytingar sem reyndar voru síðasta sumar hafi reynst mjög til bóta fyrir útgerð strandveiðibáta. Mjög mikilvægt sé því að hverfa ekki aftur til þess fyrirkomulags sem var við lýði fyrir þann tíma.

Öryggismál: Að geta valið úr góðviðrisdaga í stað þess að vera í keppni við tímann í vondum veðrum með að ná afla áður en aðrir klára úr pottinum var gríðarleg breyting til hins betra hvað öryggi smábátasjómannanna varðar. Verði frumvarpið ekki lögfest verður aftur horfið til „ólympískra veiða“.

Umgengni við auðlindina: Með því að geta valið sér góðviðrisdagana minnka líkur á að menn séu að veiða upp við land og komi með lélegt og verðlítið hráefni í land. Menn geta sótt dýpra og skilað betri afla.

Álag á fiskmarkaði: Álag á fiskmarkaði dreifist yfir mánuðinn frekar en það sem var þegar álagið var mest fyrri hluta mánaðar. Þar af leiðandi má búast við jafnara framboði og minni sveiflum í verði.

Fyrir hönd Snæfells

Örvar Marteinson formaður



Patreksfjörður 23.3.2019

Sendandi: Strandveiðifélagið Krókur – félag smábátæigenda í Barðastrandarsýslu

Varðar umsögn um:

724. mál, lagafrumvarp

149. löggjafarþing 2018–2019

Þingskjal 1152 frumvarp flutt af atvinnuveganefnd.

Strandveiðifélagið Krókur styður frumvarpið og vill koma þökkum til atvinnuveganefndar fyrir framgang þeirra m.a. í málefnum strandveiða, sem hefur fært okkur auknar heimildir til kerfisins og sanngjarnari útfærslu.

Frumvarpið kemur heldur seint til og viljum við því núna eingöngu óska eftir að heimild Fiskistofu til stöðvunar verði færð til ráðherra, eins og gert var 2018.

Það er von okkar að farið verði í heildarmat á fyrirkomulaginu eftir sumarið og hægt verði að gera breytingar í átt að samþykktum LS, sem leiða myndu til meiri jöfnuðar milli svæða og enn frekari hagræðingu bæði öryggislega og efnahagslega.

F.h. strandveiðifélagsins Króks

Einar Helgason, formaður

